

# EFTIRLITSSKÝRSLA

URUNARSTAÐUR ÁLFNESI, SOPRA BS.

---

|                     |                          |  |  |
|---------------------|--------------------------|--|--|
| <b>Dagsetning</b>   | 09.12.2011               | <b>Fulltrúar HER</b>                   | Ólöf Vilbergsdóttir og Rósa Magnúsdóttir       |
| <b>Fyrirtæki</b>    | SORPA bs.                | <b>Starfsleyfi, gildir til</b>         | 31.12.2012                                     |
| <b>Heimilisfang</b> | Álfnes                   | <b>Tegund eftirlits</b>                | Reglubundið eftirlit                           |
| <b>Kennitala</b>    | 510588-1189              | <b>Fulltrúar fyrirtækis</b>            | Bjarni Gnýr Hjarðar og Jón Ólafur Vilhjálmsson |
| <b>Isat nr.</b>     | 90.00.02                 | <b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b> |  |
| <b>Starfsemi</b>    | Móttökustöð fyrir úrgang |  |  |

---

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá starfsleyfi var staðfest en engar athugasemdir gerðar. Frávik varðaði ólykt frá urðunarstað.

## UMFANG EFTIRLITS

Heilbrigðisfulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og fulltrúar fyrirtækisins fóru yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varða mengunarvarnir. Aðstaðan var skoðuð og athafnasvæði fyrirtækisins. Fulltrúar fyrirtækis afhentu gögn.



## FRÁVIK<sup>i</sup> OG ATHUGASEMDIR<sup>ii</sup>

**Frávik 1:** Ólykt frá urðunarstað er að valda íbúum í Leirvogstungu ónæði. Kvartanir hafa borist vegna ólyktar í ár eins og undanfarin ár.

**Fráviki frá:** Ákvæði 1.3 þar sem kveðið er á um að fara skal þannig með allan úrgang til endurvinnslu, flutnings, förgunar eða annarrar meðferðar að tryggt sé að hann valdi hvergi ónæði eða óþrifnaði.

Rekstraraðili hefur undanfarin ár brugðist við kvörtunum með ýmsum aðgerðum. Nú í desember var tekin í notkun ný móttaka fyrir lyktsterkan úrgang á urðunarstaðnum og í byrjun nóvember sl. var seyruholu lokað. Með tilkomu nýrrar móttöku ætti ólykt að minnka mikið. Móttakan er byggð upp af gámum og virkar eins og stór vatnslás. Úrgangur er svo losaður ofan í yfirbyggða þró. Súgpurkkunarblásari er notaður til að stýra loftflæði, bæði við losun og úr þrónni. Loftið er svo hreinsað með lífrænni síu (biofilter) til að draga úr lykt. Hægt er að blanda öðrum efnum í loftstrauminn, svo sem ósoni, ensímum eða lyktarefnum. Einnig hefur verkfræðistofa verið fengin til að skoða hvað hægt sé að gera til að draga úr ónæði íbúa.

### Önnur atriði:

SORPA upplýsir almenning, fyrirtæki og stofnanir um möguleika á endurnýtingu og hefur m.a. gefið út nýja bæklinga með flokkunarleiðbeiningum. Bæklingar voru gefnir út samhliða upptöku nýs vörunúmerakerfis.

Í rekstrarhandbók SORPU eru leiðbeiningar fyrir lyktarvarnir, mengunar- og veðurmælingar, meindýravarnir og fleira.

Umhverfisstofnun hefur heimilað urðun á úrgangi sem inniheldur asbest og asbest er urðað á sérstökum stað á urðunarstaðnum. Aðilar sem koma með asbest til förgunar þurfa að láta urðunarstað vita tímanlega hvenær komið verður með farm og hvert magnið verður. Farmi er sturtað í þar til gerða holu og mokað er strax yfir.

Öðru hverju fær Sorpa beiðni um að urða sóttmengaðan úrgang. Umhverfisstofnun hefur í þeim tilvikum veitt Sorpu leyfi til að urða þann úrgang. Leyfi er gefið út fyrir hvert tilvik fyrir sig. Sóttmengaður úrgangur fer í sér holu sem gerð er fyrir hvern farm. Holu er lokað strax.

Tekið er við úrgangi frá landbúnaði. Ekki er tekið við slátur- og dýraleifum úr áhættuflokki 1. Það fer í brennslu.

Rafhlöður og málning sem heimilt er að urða er urðað í Álfsnesi.

Umhverfisstofnun hefur heimilað Sorpu að halda óbreyttu verklagi við þéttingu botns og hliða urðunarreina 12 og 13.

Dekkjakurl er notað sem þrýstijöfnunarlag og drenlag. Leyfi er fyrir því.

Þunnt dægurlag er sett yfir úrgang í rein og vikulega er mokað yfir þykkara lag. Stálið er ekki hulið.

SORPA starfrækir kerfi til að safna hauggasi. Metan úr hauggasinu er síðan notað sem eldsneyti á bifreiðar. Skv. starfsleyfi telst þetta endurvinnsla.

Meindýravarnir Reykjavíkur sjá um meindýravarnir. Reynt er að halda meindýrum í lágmarki. Vargfugl er t.d. skotinn.

Fyrirtækið er með vottað gæðakerfi í samræmi við staðalinn ISO 9001 og unnið er í að uppfylla ISO 14001.

Við eftirlit voru afhent gögn með niðurstöðum mælinga í frárennsli frá urðunarstaðnum sem gerðar voru árið 2010 og farið var yfir í síðasta eftirliti. Minnt er á að skv. ákvæði 3.6 skal rekstaraðili senda niðurstöður mælinga til Umhverfisstofnunar og eftirlitsaðila í formi samantektar eða ársskýrslu fyrir almanaksárið 2011.

Reykjavík, 14/12/2011

---

Undirskrift eftirlitsaðila

---

<sup>i</sup> **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

<sup>ii</sup> **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.